
FUNDARGERÐ

Fundur:	Raforkuhópur 2002-06
Fundartími:	Þriðjudagur 1. október 2002 kl. 14:30
Fundarstaður:	Orkustofnun, Grensásvegi 9
Fundarefni:	1) Gögn um afl 2001.
	2) Endurreikningur raforkuspár.
	3) Verkefni ársins 2002.
	4) Söfnun gagna í ljósi frumvarps til raforkulaga, beiðni frá Orkuspárnefnd.
	5) Önnur mál.

Á fundinn mættu:

Raforkuhópurinn:	Guðmundur Guðmundsson Ívar Þorsteinsson Agnar Árnason Jakob Ólafsson Ólafur Pálsson Jón Gestur Hermannsson
Verkfræðistofan Afl:	Jón Vilhjálmsson Ingvar Baldursson
Landsvirkjun:	Ólöf Nordal

- 1) JV fór yfir töflur á heimasíðu nefndarinnar um aflþörf á síðasta ári. Einnig sýndi hann töflur um þróun raforkunotkunar 1992-2001 eftir notkunarflokkum sem ákveðið var að setja á heimasíðuna á síðasta fundi. GG taldi að áhugavert væri að sýna aflgögnin á landakorti og ætti það einnig við um orkutölur eftir svæðum. Einnig benti hann á að hópurinn ætti að minna á öll þau gögn sem liggja á heimasíðu nefndarinnar.
- 2) Ólöf ætlar að sjá til þess að JV fái upplýsingar um orkunotkun stóriðju samkvæmt samingum á árinu 2002 og næstu ár. AÁ sagði að einn nýr samningur væri að koma hjá þeim varðandi ótryggða orku og væri um að ræða 3 MW. GG sagði að viðbót kæmi við ótryggða orku á Seyðisfirði, 2 MW.

ÍP sagði að enginn nýr samningur væri að koma hjá Orkuveitu Reykjavíkur og sama sögðu JGH og JÓ. ÍP nefndi nýja prentsmiðju Morgunblaðsins sem gæti notað um 2 MW. JV sagðist hafa endurreiknað raforkuspána út frá forsendum sem eru í fólksfjöldaspá Hagstofunnar. Hann sagði að notkunin ykist við þá einu breytingu um nálægt 50 GWh árið 2025. Ekki væri þá búið að taka fullt tillit til aukins mannafla á vinnumarkaði þannig að þegar það hefði verið gert mætti gera ráð fyrir meiri aukningu vegna nýju talnanna. JV dreifði einnig töflu yfir mannfjölda eftir landshlutum.

- 3) Fundarmenn töldu að endurskoða ætti raforkuspána á næsta ári enda þá komin 6 ár frá síðustu spá. Ekki komu fram frekari hugmyndir að nýjum verkefnum á næsta ári.
- 4) JV sagði að fram kæmi í drögum að reglugerð vegna frumvarps til raforkulaga að safna beri gögnum um raforkunotkun eftir notkunarflokkum og svæðum. Fundarmenn töldu að það vantaði að dtaka fram að dreifiveiturnar ættu að sfná þessum gögnum.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl 16:00. Næsti fundur ákveðinn 5. nóvember 2002.

Jón Vilhjálmsson

Dreift var á fundinum:

- Tafla um mannfjölda eftir landshlutum 1990-2030. (JV)